

# Myndmennt 7. bekkur

Kennarar: Nada Borosak

7

Skólaárið

2024-2025

## Helstu námsþættir vetrarins

Kennari leggur inn verkefni og sýnir nýja verkþætti. Sýnikennsla, sköpun, verklegar æfingar. Áhersla lögð á sköpunargleði, meðhöndlun verkfæra og fjölbreytt vinnubrögð. Nemendur læra að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum, útfæra verkefni á sinn hátt og hafa ánægju af. Með hverjum nemanda fylgir úrklippu- og verkefnabók sem nemendur skrá hjá sér upplýsingar um ákveðið verkefni sem unnið er í list- og verkgreinum. Bókina fá nemendur afhenta við lok skólagöngu í Álftanesskóla. Í hverri kennslustund eru tveir nemendur sem hafa það hlutverk í lok kennslustundar að sjá um að allir nemendur ganga vel frá sínu vinnusvæði.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Hver lota byggist á sama skipulagi en áherslur geta verið ögn mismunandi eftir hópum og nemendum. Verkefni geta breyst með litlum fyrirvara.

Fjöldi kennslustunda er 2 X 60 mín. á viku, 11 vikur.

## Námsaðlögun

Verkefnagerð er með hliðsjón af einstaklingsbundnum þörfum og getu þeirra.

## Námsmat

Kennari metur frammistöðu nemanda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra í Mentor í lok lotunnar, umsögn og verkefnamappa.

## Námsgögn

Fjölbreytt námsgögn og efni á ýmsu formi.

### AS Myndlist 7. bekkur 2019 - 2025

- **Hæfnieinkunn (5 tákn)**
- **Hæfnieinkunn (umsögn)**

### AS Myndlist 7. bekkur 2019 - 2025 - Lykilhæfni

- leggur sig fram við námið og nýtir tímann vel
- fer eftir fyrirmælum

### AS Myndlist 7. bekkur 2019 - 2025 - Myndlist

- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun
- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk
- nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun